

**Til menntamálanefndar Alþingis**

**Reykjavík, 09.05.2005**

Starfsmönnum Ríkisútvarpsins hefur áratugum saman verið talin trú um að réttindi sem þeir nytu sem opinberir starfsmen væru ígildi launa, svo sem lífeyrisréttindin, biðlaunarétturinn, áminningarskyldan, veikindarétturinn og svo framvegis. Starfsmenn hafa því sætt sig við lægri laun en greidd eru fyrir sambærileg störf á hinum almenna markaði. Nú blasir við að verði frumvarp menntamálaráðherra að lögum verða þessi réttindi starfsmanna RÚV í mörgum tilvikum að engu gerð.

SSR og FF telja það stríða gegn yfirlýstum markmiðum ráðamanna að skerða eigi réttindi starfsmanna. Þó blasir nú við að starfsmenn sameignarfélagsins Ríkisútvarpið sf. verði í starfi hjá stofnum sem er að fullu í eigu ríkisins, án þess að njóta réttinda sem ríkisstarfsmenn búa við.

#### **Biðlaunaréttur óviss**

Í fyrsta lagi gera SSR og FF athugaemdir við það sem kemur fram um biðlaunarétt starfsmanna sem þeir hafa áunnið sér í gegnum tíðina, en þann rétt þeirra er augljóslega verið að þrengja í hinu nýja frumvarpi. Ekki er sjálfgefið að starfsmenn vilji halda áfram vinnu hjá Ríkisútvarpinu sf. þar sem það er ekki sama fyrirtæki og þeir starfa hjá nú og því ætti áunninn biðlaunaréttur að vera í fullu gildi. SSR og FF vísa í umsögn BSRB um þetta atriði þar sem segir: BSRB lítur svo á að með frumvarpsgreininni sé gerð tillaga um að þrengja þann biðlaunarétt sem starfsmenn RÚV hafa áunnið sér í starfi. Að mati BSRB er eina rétta leiðin varðandi áunnin biðlaunarétt starfsmanna að skipulagsbreytingar hjá stofnunum ríkisins sem leiða til þess að biðlaunarétturinn verði virkur. Sértek löggjöf sem sett er í því skyni að koma í veg fyrir að ríkisstarfsmenn fái notið réttinda sem þeir hafa áunnið sér í starfi er að mati BSRB andstæð eignarréttarvernd stofnunarinnar. SSR og FF taka heilshugar undir þessi orð.

#### **Óvissa um lífeyrisréttindi**

Eins og félögin tvö bentu á í fyrri umsögn vantaði ákvæði réttindi þeirra sem eru í B-deildt LSR. Í álitni BSRB er bent á að jafnræðisreglu sé ekki gætt í frumvarpinu, hvað B-deildar félagar varðar. Vísað er til starfsmanna Pósts og síma sem geti verið að vinna og á lífeyri samtímis. BSRB telur að réttindi þeirr asem eru í A-deild haldist. Hinsvegar virðist svo að þeir sem ráða sig til starfa hjá RÚV í framtíðinni, eigi ekki að fá aðild að Lífeyrissjóði Starfsmanna Ríkisins. Breytingar á réttindum starfsmanna RÚV sem birtast í frumvarpinu bæði í nútíð og framtíð benda eindregið til þess að vilji stjórnvalda sé að leggja niður ríkisstofnun að formbreytingin sé aðeins skref á þeirri lei.

#### **Rekstrarform skapar óvissu**

Engin raunhæf útskýringin hefur fengist á því hvers vegna sú leið er valin að stofna sameignarfélag með einum eiganda, sem alls ekki tíðkast og gengur ekki upp í lögum. Formið eitt veldur óvissu. Nýtt frumvarp um sameignarfélög er þar að auki í smíðum í iðnaðarráðuneytinu og meðan það hefur ekki verið samið og lögfest, þarf að byggja á almennum reglum um sameignarfélög. En þegar frumvarpið um sameignarfélög verður

að lögum er gert ráð fyrir því í greinargerð með RÚV frumvarpinu að taka þurfi tillit til þeirra við rekstur Ríkisútvarpsins. Er verið að gera hlutina í rétttri röð? Ekki er hægt að sjá annað en að með þessu sé verið að búa til óvissu frekar en eyða henni.

### **Óviss fjármögnun**

Ekki verður séð að tekjustofnar Ríkisútvarpsins séu tryggðir til framtíðar í ákvæðum frumvarpsins. Ákveðin upphæð nefskjatts sem ekki fylgir verðlagi, heldur ekki raungildi. Sá skattur rýrnar fljótt og þá er komin upp sú staða að fjármögnun verður háð ákvörðunum og vilja stjórnvalda hverju sinni. Bent hefur verið á að nefskattur virðist auk þess óvinsæll meðal almennings. Fjölmargir vankantar og óréttlæti fylgi honum, verði ekki gerðar viðtækar undanþágur.

Þetta er aðeins hluti af því sem félög starfsmanna Ríkisútvarpsins telja varasamt í frumvarpinu. Í fyrri umsögnum hefur verið bent á ýmislegt athugasvert við stjórn fyrirtækisins, aðkomu starfsmanna, fjölda útvarpsrása svo eitthvað sé nefnt. Þá ekki síður að markmið og tilgangur starfseminnar hafi ekki verið skýrt.

Í umsögnum og lögfræðialitum sem fram hafa komið vegna frumvarps menntamálaráðherra til nýrra laga um Ríkisútvarpið hefur sá grunur sem Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins og Félag Fréttamanna höfðu um að frumvarpið væri óljóst og alls ekki tilbúið verið staðfestur. Okkar einlæg ósk er að lagasetningu þessari verði frestað og frumvarpið unnið betur og náð um það betri sátt á breiðum grunni.

Með vinsemd og virðingu.

F.h. stjórnar Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins og Félags Fréttamanna.

Jóhanna Margrét Einarsdóttir  
Björg Eva Erlendsdóttir.